



**Fundargerð  
Oddvitanefndar  
uppsveita Árnassýslu**



Fundur nr. 5 – 11.09.2019

4. fundur Oddvitanefndar uppsveita Árnassýslu (kjörtímabilið 2018 – 2022) var haldinn á skrifstofu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, miðvikudaginn 11. september 2019 kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir formaður, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Björgvin Skafti Bjarnason, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps forfallaðist

Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti Hrunamannahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

**1. Bréf frá Páli Magnúsi Skúlasyni og Elínborgu Sigurðardóttur þar sem óskað er eftir styrk vegna söguskilta við Laugarás.**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Páli Magnúsi Skúlasyni og Elínborgu Sigurðardóttur dagsett 28. ágúst 2019 þar sem óskað er eftir styrk vegna söguskilta við Laugarás.*

*Oddvitanefnd samþykkir að leggja til 500.000.- krónur í söguskiltin við Laugarás.*

**2. Atvinnumálastefna uppsveitanna**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Helga Kjartanssyni oddvita Bláskógabyggðar dagsett 26. apríl 2019 þar sem sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur falið honum að taka til umræðu á næsta oddvitanefundarfundum tillögu um að atvinnustefna verði unnin í samvinnu við sveitarfélögin í Uppsveitunum og samhliða vinnu við sóknaráætlun SASS.*

*Oddvitanefundin er sammála um að leggja til að unnin verði sameiginleg atvinnustefna fyrir Uppsveitirnar og óskar eftir staðfestingu sveitarstjórna í sveitarfélögunum.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 09:00